

NORÐURLÖND

KENNSLULEIÐBEININGAR



NÁMSGAGNASTOFNUN
07456

Til kennara

Um landafræðikennslu

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að landafræði sé þverfagleg fræðigrein sem hafi almennt menntunargildi. Hún fjallar um legu, útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi.

Markmið landafræðikennslu er að auka vitund nemenda um samfélag, umhverfi og menningu með því að þjálfa nemendur í að átta sig á áhrifum menningar, efnahags, stjórnmála og félagslegra þátta í tengslum við fólk og umhverfi. Til þess þurfa nemendur að fást við ýmiss konar gögn og temja sér að setja niðurstöður sínar skilmerkilega fram. Landafræðinám þarf að þjálfa nemendur í að afla sér þekkingar, skilnings og leikni með fjölbreyttum aðferðum. Leggja ætti áherslu á sköpunargleði og að nemendur nýti sér margvíslegar heimildir. Nemendur ættu að fræðast um auðlindir jarðar, fólksfjölgun, umhverfismál og álitamál í landnotkun, svo nokkuð sé nefnt.

Markmið kennslubókarinnar

Nemandi

- geti lesið af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi
- þekki bauganet jarðar og skilji hvernig sú tækni er nýtt til að finna út staðsetningu.
- viti hvernig jörðin skiptist í tímabelti
- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins
- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál, stjórnarfar, samstarf og sameiginlega hagsmuni Norðurlandanna
- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandapjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst

Markmið námsefnisins

Bókin *Norðurlönd* tekur mið af áfanga- og þrepamarkmiðum aðalnámskrár í samfélagsfræði frá 2007. Þar segir meðal annars:

Kort og myndir

Nemandi

- læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum
- læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða

Landafræði Norðurlanda

Nemandi

- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins
- þekki megin-einkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- fjalli um í hvaða átt þróunin stefnir í litlum samfélögum, meðalstórum bæjum og stórum borgarsamfélögum á Norðurlöndunum
- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lífnaðarhætti fólksins
- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna
- þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandabýgjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst

Uppbygging kennslubókar

Skipta má efni nemendabókar gróft upp í þrjá hluta eftir efnistökom:

- Kort og loftmyndir: Þar sem fjallað er á fjölbreyttan hátt um kortalestur.
- Norðurlönd : Fjallað almennt um einkenni Norðurlandanna.
- Norðurlöndin í hnotskurn: Þar er hvert og eitt land tekið fyrir og fjallað um það.

Auk þess fylgja nemendabókinni kennsluleiðbeiningar á vef ásamt verkefnablöðum með efni bókarinnar og svörum við verkefnum.

Uppbygging kennsluleiðbeininga

Kennsluleiðbeiningarnar skiptast í tvo hluta. Annars vegar er rætt um markmið, leiðbeiningar um kennsluaðferðir og hugmyndir að námsmáti. Þar er einnig að finna ýmis góð ráð og hugmyndir sem kennarar geta útfært eftir sínu höfði. Fyrst er fjallað almennt um efnið en síðan kemur nánari útlitun úr hverjum kafla. Hins vegar eru verkefni til útprentunar af heimasíðu Námsgagnastofnunar ásamt lausnum.

Hugmyndir að útfærslu kennslunnar

Kennsluaðferðir sem henta þessu efni eru eins margar og kennararnir sem kenna efnið. Hér er engan veginn hægt að leggja eina ákveðna línu heldur verða kennarar að velja og hafna og nota það sem þeim finnst henta best hverju sinni. Sumir kennarar nota kennslubókina sem ítarefni og til heimildaöflunar þegar nemendur vinna hópverkefni. Aðrir kenna bókina frá blaðsíðu til blaðsíðu og láta nemendur vinna öll vinnublöðin. Hugmyndirnar hér á eftir eru því einungis til að styðjast við en enginn heilagur sannleikur. Vinnublöðin eru á pdf-formi til þess að kennarar geti valið úr þau verkefni þeir vilja nota.

Kveikjur

Áður en kennslan hefst er æskilegt að kennari safni saman sem mestu af munum sem tengjast Norðurlöndunum og hafi sýnilegt í kennslustofunni á meðan á vinnunni stendur t.d. landakort, minjagripir, bækur, íþróttavarningur, myndir og þess háttar. Einhverjir slíkir munir leynast í flestum skólum en einnig mætti leyfa nemendum að koma með muni að heiman. Þetta kveikir áhuga þeirra á viðfangs-efninu.

Umræður, innlög og verkefnablöð

- Gjarnan má byrja á umræðu þar sem nemendur segja í stuttu máli frá því sem þeir vita um Norðurlöndin almennt eða um eitthvert ákveðið land. Einhverjir hafa hugsanlega heimsótt landið, eða þekkja tónlist, íþróttamenn, eða annað athyglisvert frá landinu. Einnig má spyrja nemendur hvað þeir vilja vita um landið. Umræðupunkta má setja á veggspjald og láta hanga uppi á meðan á vinnunni stendur.
- Innlög kennara um helstu einkenni hvers lands, textinn lesinn með nemendum eða þeir lesa hann sjálfir.
- Stutt innlög um hvert land, nemendur lesa heima um ákveðið tímabil fyrir hvert land en á sama tíma vinna þeir hópverkefni þar sem þeir sérhæfa sig í einhverju ákveðnu landi. Að því loknu vinna nemendur vinnublöð sem fylgja á vef.

Hópverkefni eða þemaverkefni

Ýmiss konar hóp- og þemavinna er ákjósanleg kennsluaðferð sem hentar efninu mjög vel. Á Netinu eru til ýmsir gagnabankar og vefleiðangrar og fleira sem sjálfsagt er að nýta sér. Á sumum þessum síðum er að finna krækjusöfn með miklum upplýsingum um Norðurlöndin og getur það nýst í mörgum verkefnum. Sjá krækjusöfn í lok kennsluleiðbeininga. Hér eru taldar upp nokkrar hugmyndir að útfærslu kennslunnar.

Söguaðferðin

Nemendur vinna eftir söguaðferðinni eða sem þema þar sem útfærslan ræðst af því hvað hver kennari vill leggja áherslu á.

Mikilvægt er að ljúka verkefninu með umræðum þar sem nemendur rifja upp hvað þeir lærðu nýtt um hvert land, hvað þeim fannst áhugaverðast og hvort þeim fannst eitthvað vanta.

Björg Eiríksdóttir í Kársnesskóla hefur útbúið söguramma fyrir Norðurlönd. Hún selur söguramma og sendir þá rafrænt til viðtakanda. Pantanir má senda á netfangið: bjorgeiriks@simnet.is

Vefur

Nemendur geta unnið með Norðurlöndin og tekið saman efni um þau sem mætti setja á vef þar sem hvert og eitt landanna fengi sína heimasíðu. Það er sjálfsagt að leggja áherslu á myndnotkun en gæta þess að fá leyfi til. Gott er að láta nemendur huga vel að skipulagi og uppbyggingu í upphafi svo afraksturinn verði ekki ruglingslegur eða of umfangsmikill.

Ferðaskrifstofa

Ferðaskrifstofuhugmyndin byggist á að nemendur vinni í hópum. Nemendur gætu til dæmis skipulagt ferðalag fjölskyldu til Norðurlanda. Verkefni eins og þetta er að finna í bókinni *Skapandi skólastarf* eftir Lilju Jónsdóttur. Til að gera verkefnið heildstætt er æskilegt að byrja á því að skapa persónur sem mynda hverja fjölskyldu. Ákveða kyn, aldur, nöfn og áhugasvið persónanna. Nemendur þurfa að gera grein fyrir ákveðnum atriðum og fá þau uppgæfin í byrjun en auk þess segja þeir frá spennandi ferðamannastöðum. Nemendur gætu skrifað ferðasögu sína og sagt frá þeim stöðum sem þeim þóttu áhugaverðir í hverju landi. Nemendur gætu einnig útfært ferðaskrifstofuhugmyndina þannig að þeir búi til kvikmynd sem er samsett úr ljósmyndum frá ferðamannastöðum og samtölum fjölskyldunnar sem ferðast á milli staða. Í samtölunum geta komið fram þær upplýsingar sem þurfa að koma fram í verkefninu.

Hér fylgir hugmynd að því hvernig hægt er að útfæra ferðaskrifstofuhugmyndina. Gert er ráð fyrir að nemendur heimsæki eitt Norðurland en einnig má hugsa sér að þeir fái að fara til fleiri landa eða jafnvel til þeirra allra.

Hópverkefni

Nú eruð þið búin að lesa og læra heilmikið um Norðurlöndin og þá er kominn tími til að kynnst einu þeirra nánar. Ykkur hefur verið skipt í hópa og þið hafið fengið úthlutað einu Norðurlandi og nú þurfið þið að afla ykkur upplýsinga um landið. Verkefnið er þrjúþætt. Þið semjið kynningu í Power Point þar sem helstu atriði um landið koma fram og kynnið það síðan fyrir bekknum. Þið útbúið ferðabækling með ákveðnum upplýsingum og teiknið síðan kort af landinu og merkið inn á það ákveðin atriði. Mun-ið að geta heimilda.

Power Point kynning

Það sem þarf að koma fram:

- Landfræðileg staða (landamæri, staðsetning og fleira)
- Stærð landsins og íbúafjöldi
- Landslag (fjalllendi, ár, vötn og fleira)
- Gróðurfar og loftslag
- Þjóðhöfðingi
- Tungumál
- Frægt fólk
- Menning

Veggspjald

Það sem þarf að koma fram:

- Teikna kort af landinu á veggspjaldið með hjálp myndvarpa
- Skrifa nafn landsins á veggspjaldið og teikna fánann til hliðar
- Lita láglendi grænt og hálendi brúnt
- Merkja höfuðborgina inn og strika undir nafn hennar
- Merkja 3–5 stærstu borgir
- Merkja stærstu vötn og ár og skrifa nafnið við hliðina
- Setja inn tákn fyrir helstu auðlindir landsins.

Bæklingur

Það sem þarf að koma fram:

- Hvernig maður kemst til landsins
- Gisting og samgöngur innanlands
- Athyglisverðir staðir og afþreying fyrir ferðamenn
- Myndir

Mat

Matið er byggt á því að öll atriði sem eiga að koma fram séu til staðar en það gildir 50% af heildareinkunn. Útlit og framsetning gilda 20%, kynning 10%, mat kennara á vinnu í tímum 10% og sjálfsmat 10%.

Í þessu verkefni þurfa nemendur að leysa fjölmörg verkefni en þetta er bara eitt dæmi um hvað hægt er að gera. Auðvelt er að aðlaga hugmyndina að þörfum hvers kennara með því að bæta við eða taka út það sem ekki á að nota. Önnur hugmynd væri að nemendur fengju happdrættisvinning.

Happdrættisvinningur

Í þessu verkefni eru nemendur gjarnan með fjölskyldur eða vinahópa sem fá happdrættisvinning og skipuleggja ferðalag til Norðurlanda. Þeir þurfa að gera grein fyrir ákveðnum atriðum og fá þau uppgefin í byrjun en auk þess segja þeir frá spennandi ferðamannastöðum. Nemendur skrifa ferðasögu.

Til hamingju með ferðavinninginn

Það gleður mig að tilkynna þér að þú vannst ferð til eins af Norðurlöndunum. Hópurinn þinn byrjar á að kynna sér til hvaða borga í landinu er flogið frá Íslandi og þið skipuleggið ferðalagið þaðan. Þið dveljið í eina viku og á þeim tíma þurfið þið að heimsækja a.m.k. þrjár borgir. Þið útbúið dagbók þar sem nákvæm skráning á ferðalaginu kemur fram en auk þess þurfið þið að afla ykkur upplýsinga um nokkur atriði. Í lokin lesið þið dagbókina fyrir bekkjarfélaga ykkar og í leiðinni sýnið þið myndir frá þeim stöðum sem þið heimsóttuð.

Dagbók: Skriðið einhvern texta fyrir hvern dag á ferðalaginu. Látið koma fram hvar þið gistuð og hvar þið borðuðuð, hvort þið fóruð á söfn, í skemmtigarða eða eitthvað annað var skoðað í borginni og svo framvegis. Byrjið dagbókina á að segja frá eftirtöldum atriðum:

Hvaða landamæri og hafsvæði liggja að landinu

- Stærð landsins og íbúafjöldi
- Lýsa landslagi í grófum dráttum (t.d. fjalllendi, ám og slíku)
- Þjóðhöfðingi
- Tungumál
- Frægt fólk, tónlist, íþróttir eða eitthvað annað sem ykkur langar að hafa með

Myndasýning: Farið á Netið og finnið myndir frá þeim stöðum sem þið heimsækið. Setjið þær upp í þeirri tímaröð sem kemur fram í dagbókinni.

Mat: Dagbók 50%, flutningur 20%, myndasýning 10%, sjálfsmat 10% og mat á vinnu í tímum 10%.

Útvarpsþáttur

Nemendur gætu sett saman útvarpsþátt sem byggðist á viðtölum við fólk frá Norðurlöndunum, þar sem þáttastjórnandinn spyr spurninga og fólkíð svarar. Önnur útfærsla væri að einhver segði frá landinu sínu og þáttastjórnandinn kæmi með spurningar í lokin.

Viðtöl og frásagnir

Einnig má hugsa sér að reyna að fá fólk í skólann sem þekkir til á Norðurlöndunum og gæti sagt frá landi eða löndum. Mikilvægt væri þá að nemendur væru búnir að undirbúa spurningalista til að spyrja viðkomandi og þeir gætu jafnvel tekið viðtalið upp. Nemendur gætu tekið símaviðtal við starfsfólk sendiráða eða aðra sem tengjast norrænu samstarfi. Einnig mætti senda spurningalista á tölvupósti til viðkomandi.

Sjónvarpsfréttatími

Búa mætti til sjónvarpsfréttatíma frá hverju landi fyrir sig. Allar fréttir fréttatímans myndu þá tengjast fróðleik frá umræddu landi, þ.e. sögu, menningu, stjórnámálum eða landhátum. Jafnvel mætti útfæra það sem er helst í fréttum í hverju landi þegar nemendur vinna verkefnið. Aðrir liðir í fréttatímanum gætu svo verið íþróttافرéttir, veður, fræga fólkíð o.s.frv.

Samþætting annarra greina

Verkefni um Norðurlöndin má tengja við flestar námsgreinar. Hér á eftir koma nokkur dæmi.

Saga

Fræðast um sameiginlega sögu Norðurlandanna. Kennari kynni fyrir nemendum hvernig Norðurlöndin tengdust fyrr á öldum.

Íslenska

Nemendur lesi bókmenntir eða barnabækur eftir norræna höfunda og jafnvel útbúi leikrit sem hægt væri að sýna á árshátíðum skólanna. Nemendur gætu valið sér norrænan höfund og kynnt hann fyrir öðrum nemendum. Æskilegt er að kennari viði að sér sem flestum barnabókum sem til eru þýddar á íslensku eftir norræna höfunda og hafi aðgengilegar í stofunni á meðan á Norðurlandaverkefni stendur.

Allur texti sem unninn er í tengslum við verkefni er á íslensku. Það er því hægt að þjálfva nemendur t.d. í stafsetningu með eigin texta.

Stærðfræði

Hér mætti nýta samanburð á ýmsum tölum frá Norðurlöndum, meðal annars með því að búa til súlurit sem sýna mannfjölda eða flatarmál landanna, hæstu fjöll og margt fleira.

Matreiðsla

Kynning á þjóðarréttum eða algengum réttum hinna Norðurlandanna. Nemendur spreyta sig á að búa til slíka rétti. Ef sýning er í lok verkefnis má bjóða upp á réttina á sýningunni.

Nokkur dæmi um síður þar sem hægt er að nálgast uppskriftir frá Norðurlöndunum en á leitarsíðum má finna ýmislegt fleira.

Síða með m.a. norskar, danskar og sænskar uppskriftir:

<http://www.sjavarutvegur.is/Fiskmarka%C3%B0ir/kokkurinn.htm>

Finnsk smábrauð: <http://www.ms.is/uppskriftir/Bakstur/Finsk-smabraud/item.aspx>

Finnskar pönnukökur: <http://www.muurikka.is/2008/07/finnskar-ponnukokur/>

Auðveld uppskrift af sænskum kóskólum:

<http://www.eldhus.is/eldhus.php?func=birtauppskrift&tid=877>

Uppskriftir úr matreiðslubók Múmínmömmu:

<http://mennta.hi.is/vefir/barnung/barn/uppskriftir/uppskriftir.htm>

Danskar kjötbollur með heimalögðuðu rauðkáli:

http://www.mbl.is/mm/folk/uppskriftir/index.html?sub=view_recipe;rec_id=468

Norskar hafrakökur:

<http://saelkeraklubbur-ingunnar.blogcentral.is/flokkur/32255/?page=3>

Færeyskjar fiskibollur: <http://uppskriftir.seia.is/Fiskrettir/FaereyskarFiskibollur.htm>

Myndlist

Nemendur kynni sér listasögu hvers lands. Velja listamann frá einhverju af Norðurlöndunum og skoða stíl hans. Vinna myndverk í anda viðkomandi listamanns. Velja þekktu byggingu frá einhverju Norðurlandanna og búa til líkan af henni, t.d. úr pappír, pappamassa eða leir.

Tónmennt

Til að virkja mismunandi hæfileika nemenda væri hægt að láta tónelska nemendur semja lag við það sem þeir vilja segja og flytja það. (Þá er gott fyrir kennarann að fá skriflegt eintak af textanum í sínar hendur.)

Líffræði

Samanburður á gróðri og dýralífi Norðurlandanna. Hér gætu nemendur valið sér villt dýr frá viðkomandi landi og fjallað um það, t.d. með því að útbúa um það kynningu fyrir aðra nemendur.

Upplýsingamennt

Nemendur geta unnið kynningar um Norðurlöndin á tölvutæku formi, m.a. með því að gera glæruefni í Power Point eða bæklinga í Publisher. Einnig kæmi til greina að nemendur ynnu vefsíður eða kynningarmyndbönd, allt eftir tæknikunnáttu nemenda og kennara. Sem dæmi um upplýsingar sem nemendur gætu fundið í slíku verkefni væri:

- Kort af landinu (t.d. teiknað upp á karton, málað og merkt inn á)
- Mynd af fánanum (útprentun eða nemendur útbúa sjálfir)
- Stærð landsins og íbúafjöldi
- Veðurfar og gróðurfar
- Einkennandi landslag og hvaða lönd liggja að því
- Tungumál og trúarbrögð
- Stærstu borgir
- Þjóðarleiðtogi og stjórnkerfi
- Frægt fólk
- Menning
- Athyglisverðir staðir
- Afþreying fyrir ferðamenn

Nokkrar slóðir er að finna hér á undan en auk þess er hægt að nota leitarvél eins og Google eða upplýsingavef bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Slóðin er www.cia.gov og þar vinstra megin er hlekkurinn World factbook. Á þeim vef er hægt að fá ítarlegar tölfræðilegar upplýsingar um hvert land. Einnig er sjálfsagt að þjálfar nemendur í að nota kortabækur til að finna upplýsingar, til dæmis um loftslags- og gróðurbelti, hita og úrkomu, þéttbýli, gróðurfar, helstu borgir, ár, vötn, firði, fjöll, náttúruauðlindir og margt fleira.

Ef nemendur eiga að útbúa ferðabæklinga mætti einnig hugsa sér að þar kæmu fram upplýsingar eins og:

- Hvernig kemst maður til landsins
- Gisting
- Samgöngur innan landsins (t.d. lestir og bílaleigur)
- Spennandi ferðamannastaðir
- Afþreying fyrir fjölskyldufólk
- Annað sem ykkur dettur í hug

Hægt væri að fá bæklinga frá ferðaskrifstofum og leyfa nemendum að skoða þá. Það getur verið góð kveikja og einnig hjálpað þeim við að fá hugmyndir að uppsetningu.

Kynning

Ef nemendur vinna verkefni í hópum er mikilvægt að hóparnir kynni vinnu sína. Það er bæði gert til að æfa nemendur í framsögn og koma orðum að vinnu sinni en auk þess er nauðsynlegt að allir fái kynningu á þeim löndum sem þeir sérhæfðu sig ekki í. Þar skapast líka vettvangur fyrir kennarann til að meta vinnu nemenda.

Það mætti einnig veita nemendum það frelsi að fá að ráða hvaða leið þeir nota til að koma þekkingu sinni til skila. Í þannig verkefni fá nemendur blað með því sem þarf að koma fram og hvernig verkefnið verður metið en síðan hafa þeir frjálssar hendur um hvernig þeir útfæra hugmyndina. Þá getur einn hópur ákveðið að gera veggspjald, annar heimasíðu, sá þriðji bækling og svo framvegis. Allar þessar hugmyndir má líka nota fyrir afmarkað efni bókarinnar og tæki þá styttri tíma.

Tilvalið er að hafa sýningu fyrir foreldra og bjóða til bekkjarskemmtunar í formi kynningar á löndunum

Kort og loftmyndir

Nemendabók bls. 4–9

Í kaflanum er fjallað um

- Bauganet jarðar
- GPS staðsetningartæki
- Tímabelti
- Loftmyndir og hlutverk þeirra í kortagerð
- Staðfræðikort og þemakort

Markmið

Nemandi

- þekki hnattlíkan, bauganet og tímabelti jarðar
- kunni skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- átti sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- læri að lesa legu staða á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum
- læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi
- geti notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafi skilning á litum, táknum og hugtökum þar að lútandi

Bauganet jarðar

Kafla bls. 4 og 5

Í þessum kafla er útskýrt hvernig lengdar- og breiddarbaugarnir mynda net um jörðina og lítillega kynnt hvernig hægt er að nota þá til staðsetningar. Til að nemendur fái sem gleggsta mynd af þessu er mjög æskilegt að nota hnattlíkan þegar þessi hugtök eru kynnt. Það hjálpar nemendum að sjá fyrir sér lengdar- og breiddarbaugana en jafnframt þarf að sýna þeim línurnar í kortabókum til samanburðar.

Vinnublöð á vef

Á vinnublöðunum þurfa nemendur að geta nýtt sér kunnáttu sína um lengdar- og breiddarbauga til að finna staði í kortabók. Æskilegt er að kennari vinni vel með þennan þátt þar sem sumum reynist þetta nokkuð erfitt í byrjun. Nokkur vinnublöð fylgja efninu sem hentugt er að notfæra sér í þessum tilgangi.

Vangaveltur – svör bls 5

Hveragerði og Landmannalaugar eru á 64° norðlægrar breiddar.

Heimskautsbaugur liggur um Grímsey sem er á 66° og 33,5 mínútum norðlægrar breiddar.

Ísland liggur á lengdarbaugum milli 14° og 24° vestlægrar lengdar og Ísland nær yfir þrjár breiddargráður. Breiddarbaugar 64°, 65° og 66° norður liggja í gegnum Ísland.

Flugvélinu væri að finna á Ófeigsfjarðarheiði á Ströndum.

Tímabelti jarðar

Kaflí bls. 6

Nemendur skoða kort af tímabeltunum, t.d. í kennslubókinni á bls. 6, og læra um skiptingu jarðarinnar í 24 tímabelti. Þegar farið er yfir þennan kafla er gott að byggja á reynslu nemenda sjálfra því margir þeirra hafa ferðast og kynnst því að hvernig ferðalangar þurfa að breyta klukkunni þegar ferðast er milli landa. Gott er því að byrja umfjöllunina á að leyfa nemendum að skiptast á reynslusögum.

Fróðleikur

Hnettinum er skipt í 24 tímabelti sem hvert um sig tekur yfir 15 lengdarbauga. Staðaltími gildir á belti sem liggur 7,5 gráður til austurs og vesturs frá núll-lengdarbaug. Grunnhugmyndin er sú að innan hvers tímabeltis sé klukkan alls staðar það sama, en í austur frá Greenwich bætist ein klukkustund við í hverju tímabelti en dregst frá sé farið í vestur frá Greenwich. Þannig er klukkan orðin 13:00 í Kaupmannahöfn þegar það er hádegi í London en einungis 7:00 að morgni í New York.

Tímabeltin fylgja þó ekki lengdarbaugunum nákvæmlega því víða fara þau eftir landamærum til þess að sami tími gildi í landinu öllu. Það er ákvörðun stjórnvalda á hverjum stað hvaða tímabelti er fylgt.

Í Kyrrahafinu, nákvæmlega gegnt núll-lengdarbaugnum, liggur 180. lengdarbaugurinn. Þar skiptir á milli austur- og vesturhvels jarðar og er 12 klukkustunda munur á milli hans og núllbaugs. Svokölluð *daglína* liggur nokkurn veginn um 180. lengdarbaug og þegar farið er yfir hana skiptir um dag. Þannig er Asía einum degi á undan Ameríku.

Vinnublöð á vef

Í vinnublöðunum eru æfingar sem ætlað er að þjálfar nemendur í að vinna með tímabeltin, t.d. finna hvað klukkan er annars staðar í heiminum. Það er líklega nauðsynlegt að vinna fleiri æfingaverkefni í sama dúr og ræðst þá fjöldinn af getu nemenda.

Krækjur:

<http://www.mapmaker.com/shadowfacts/v65/index.htm>

<http://www.worldtimezone.com/datetime.htm>

Vangaveltur á bls. 6: svör

Það er ákvörðun stjórnvalda í hverju landi hvaða tímabeltum er fylgt. Ein af ástæðunum er líklega sú að þá er auðveldara að stunda viðskipti við íbúa Evrópu. Nemendur gætu líka komið með þá skýringu að við vorum hluti af Danmörku og með þessu var Ísland nær Danmörku í tíma.

Það er fimm klukkustunda tímamunur á Íslandi og New York en þriggja tíma munur á Moskvu og Íslandi.

Kortagerð

Kafli bls. 7

Nemendum er kynnt hvaða hlutverki loftmyndir gegna í gerð landakorta. Hér mætti dýpka efnið og benda nemendum á veðurtunglamyndir sem notaðar eru til að spá fyrir um veður og margir hafa séð í veðurfréttum. Farið inn á www.vedur.is Neðst til vinstri á þeirri síðu má sjá hnapp þar sem stendur Flýtleiðir og undir Veður er hnappurinn Veðurtungl. Þar er hægt að skoða skjamyndir úr gervitungli.

Vinnublöð á vef

Vinnublað fylgir á vef þar sem byggt er á Náttúruvefsjá Landmælinga Íslands en þar er að finna ýmis gögn sem m.a. eru fundin með loftmyndum. Nemendur fá tækifæri til að skoða þessi gögn og túlka og æfast um leið í að nota Netið. Hér mætti einnig láta nemendur vafra um Google earth.

Kortalestur

Kafli bls. 8 og 9

Í þessari kennslubók er miðað við að nemendur noti *Kortabók handa grunnskólum*, 2007 sem er nýjasta útgáfan af kortabókinni.

Fróðleikur

Staðfræðikort: Mikið af upplýsingum. Nákvæm staðsetning fyrirbæra, átta o.fl. Sýna landslag, stöðuvötn, ár, mýrar, byggðir og vegi.

Þemakort: Afmarka viðfangsefnin sem nákvæmast og sýna til dæmis íbúadreifingu, berggrunn, gróðurfar, dýralíf, veðurfar, vindakerfi, hafstrauma, framleiðslu og fleira.

Í kennslubókinni *Norðurlönd* er farið stuttlega yfir helstu tákn á staðfræði- og þemakortum. Best væri ef nemendur hefðu Kortabók handa grunnskólum (2007) við hliðina á sér og skoðuðu og ræddu ólík tákn á kortum. Mikilvægt er að þjálfarar nemendur í að nota nafnaskrána og láta þá reyna sig í því að leita í henni. Til að auðvelda kennsluna, og umræður um þetta, eru skýringakassar úr kortabókum á bls. 8 og 9 í kennslubókinni.

Mikilvægt er að nemendur þekki muninn á staðfræði- og þemakortum og þjálfarar í að lesa úr kortunum. Hér á eftir eru hugmyndir að hlutum sem hægt er að skoða með nemendum og nota kortabókina til að finna svörin.

- Hvernig tákn eru fyrir t.d. vegi? Eru til fleiri en eitt tákn fyrir vegi? Hvers konar vegir eru það?
- Hvaða lönd eru hálend og hver lágland?
- Hvaða Norðurlönd eru með framleiðslu á ólífrænum/lífrænum vörum.
- Hvar er að finna fjölmennustu borgirnar á Norðurlöndunum?
- Eru einhverjar leiðir merktar sem ferjuleiðir?
- Hvaða land hefur flest búfé miðað við stærð?
- Hvert er táknið fyrir olíu?
- Hvaða málma má finna á Norðurlöndunum?

Vinnublöð á vef

Nokkur vinnublöð fylgja þar sem nemendur vinna með táknið í kortabókunum.

Norðurlönd

Nemendabók bls. 10–25

Í kaflanum er fjallað almennt um:

- Landshætti
- Landmótun
- Loftslag
- Gróðurbelti
- Golfstrauminn
- Náttúruleg skilyrði sem hafa áhrif á lifnaðarhætti fólks
- Áhrif manna á umhverfi sitt
- Auðlindir og orku
- Lífsskilyrði
- Tungumál
- Menningu
- Trúarlíf
- Stjórnarfar
- Samstarf og sameiginlega hagsmuni Norðurlanda

Markmið

Nemandi

- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins
- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna
- þekki dæmi um hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandabjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst

Þegar unnið er með þennan kafla er mikilvægt að hafa kort af Norðurlöndunum fyrir framan sig og geta séð löndin á kortinu um leið og kaflinn er lesinn. Einnig er hægt að skoða legu landanna á kortum á Netinu. http://www.sheppardsoftware.com/European_Geography.htm en þar má finna ýmsa leiki sem þjálfa staðsetningu landanna og fleira.

Vinnublöð á vef

Vinnublað fylgir á vef þar sem nemendur skoða kort af Norðurlöndum og finna ýmsar upplýsingar út frá kortinu. Það þjálfar þá í kortalæsi og hjálpar þeim til að festa ýmsar upplýsingar um löndin í minni.

Landshættir

Kafli bls 11

Nemendur læra um hvað það var sem mótaði landslag Norðurlandanna í grófum dráttum. Sem fyrr er gott að hafa kort við höndina til að skilja betur textann.

Vangaveltur – svör bls 10

Mismunandi er hvað nemendum finnst vera einkennandi fyrir hvert land en þetta eru dæmi um hugsanleg svör frá nemendum. Sum svörin geta átt við fleiri en eitt land.

Noregur: Langur, mjór, hálandur, vogskorinn, skíði, norskar peysur, tungumálið, Eurovision, Alexander Rybak, víkingar, fáninn.

Svíþjóð: Láglent, mörg vötn, skógar, Astrid Lindgren, Emil í Kattholti, skútur, skerjagarður, tungumálið, Gautaborg og Liseberg tivoli, sænski fáninn, Hendes og Maurits (HM), kirsuberjatré, julelattar (litlu jólasveinarnir), innflytjendur.

Finnland: Mörg vötn, láglendi, fiskur, selir, kaffi, hreindýr, jólasveinninn, klakabyggingar, samar.

Álandseyjar: Litlar, margar eyjar, skip, ferjur, siglingar, fiskur, landbúnaður, töluð sænska, náttúra.

Danmörk: Lítið land, margar eyjar, Jótland fast við Þýskaland, láglent, Tivoli, Legoland, Litla hafmeyjan, Strikið, sandstrendur, Kaupmannahöfn, Jón Sigurðsson, innflytjendur.

Færeyjar: Margar litlar eyjar, fiskur, grindhvalir, Jogvan, þjóðbúningar, gras á húspökum, tungumál sem er líkt íslensku.

Grænland: Stór jökull, mikið hálendi, lítið landsvæði sem fólk býr á, ísbirnir, sjór, hvalir, selir, jöklar, snjóhús, hundar og hundasleðar, veiðar,

Samaland: Er norðarlega, mörg lönd, hreindýr, þjóðbúningar, réttindabarátta, tungumál, norðurljós, menning.

Landmótun

Kafli bls. 12 og 13

Fjallað er um hvernig ísaldarjökullinn stækkaði, útbreiðslu hans og hvaða áhrif hann hafði á mótun landslags. Sumir nemendur hafa líklega komið að jöklum eða jafnvel farið upp á þá og þá er gagnlegt að nota frásögn þeirra sem kveikju að efninu. Það mætti hugsa sér sem heimavinnu að finna mynd af jökli og koma með í skólann. Þetta gæti verið ljósmynd að heiman eða mynd á Netinu, sem nemendur prenta út, eða jafnvel teikning ef nemendur finna ekkert annað. Hjá Námsgagnastofnun er hægt að nálgast fræðslumyndir sem tengjast jöklum og væri hægt að sýna nemendum þær, annaðhvort í byrjun sem kveikju eða í lokin, til að hamra á þeim atriðum sem kennari vill leggja áherslu á.

Myndunum er hægt að hlaða niður án endurgjalds fyrir skóla.

Austur-Grænland á ísnum. <http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/1916>

Austur-Grænland – fólk á ferð. <http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/1916>

Heimskautin – náttúran í nýju ljósi <http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/1948>

Vinnublöð á vef

Í vinnubókinni er verkefni sem byggt er á korti í Kortabók handa grunnskólum 2007 (bls. 37) sem sýnir mesta útbreiðslu ísaldarjökulsins fyrir um 200.000 árum og hvernig hann smám saman hopaði eftir því sem tíminn leið og hitnaði á jörðinni. Verkefnið þjálfar kortalæsi nemenda.

Vangaveltur bls. 12 svör

Ummerki um ísaldarjökulinn eru t.d. U-laga dalir í Noregi og á Íslandi, vötnin í Finnlandi, sandöldurnar í Danmörku og jökulnuddað grjót í Svíþjóð og á Álandseyjum, auk þess sem jökullinn á Grænlandi setur svip sinn á landslagið þar. Land sem kemur undan jökli er algerlega gróðurlaust. Þar er sandur, mól og grjót og í dældum er vatn.

Loftslags og gróðurbelti

Kafli bls. 14 og 15

Loftslags- og gróðurbeltum eru gerð góð skil í kennslubókinni en gott er að virkja nemendur í umræðum með því að fá þá til að segja frá ef þeir kannast við einhver gróðurbeltin. Sumir hafa t.d. farið á fjöll og þekkja freðmýragróður vel og aðrir hafa ferðast eða búið á barrskógasvæðum. Margir hafa auk þess komið til Danmerkur og geta ef til vill tengt landslagið þar við laufskógabeltið.

Vinnublöð á vef

Í vinnubókinni gera nemendur verkefni þar sem þeir þurfa að þekkja einkenni gróðurs á Norðurlöndunum og helstu gróðurbelta sem þar er að finna. Einkennisgróður hvers svæðis er:

Fróðeikur

Túndra/freðmýragróður: Mest er um lyng, fléttur, skófir, mosa og gras. Sjaldan finnast trjáplöntur.

Háfjallagróður: Næst skógarmörkum ber mest á lyngi og öðrum lágvöxnum runnum, ásamt grösum og ýmsum jurtum, sem verða svo strjálí eftir því sem ofar dregur og þá ber meira á mosum og fléttum. Efst í hæstu fjöllum er stundum lítill sem enginn gróður.

Laufskógabelti: Lauftré eins og hlynur, álmur, eik, beyki, hnota og ösp eru algengastar en einnig eru runnar, blóm, burknar og mosar.

Barrskógabelti: Mest er um kuldapólin barrtré eins og furu, þin, greni og lerki en einnig fléttur, skófir og mosa.

Vangaveltur–svör bls 15

Mismunandi svör nemenda. Úr þessu væri ef til vill hægt að gera stutta vettvangsferð með samþættingu við náttúrufræði með því að safna plöntum úr nágrenninu og greina þær.

Golfstraumurinn

Kafli bls. 16

Nemendur læra um einkenni Golfstraumsins, leiðir hans og hvaða áhrif hann hefur. Gott er að hafa kortið í kennslubókinni og skoða það samhliða kennslunni en einnig má skoða kort á bls. 92 og 93 í *Kortabók handa grunnskólum*. Það sýnir meðalhita og hafstrauma í heiminum og þar geta nemendur séð fleiri stór straumakerfi í sjónum.

Vinnublöð á vef

Í nemendaheftinu fá nemendur kort af Atlantshafi og þurfa að merkja Golfstrauminn og einnig kalda hafstrauma inn á. Þeir sýna heitan hafstrauminn með rauðum lit en merkja köldu hafstraumana inn á með bláum. Það mætti einnig láta nemendur stilla sér upp í kennslustofunni og leika rennsli Golfstraumsins. Einhverjir geta þá staðið kyrrir og táknað lönd en aðrir gengið þá leið sem straumurinn fer.

Náttúruleg skilyrði sem hafa áhrif á lifnaðarhætti fólks

Kafli bls. 17

Fjallað er um dreifingu byggðar og hvernig náttúran hefur áhrif á mataræði og húsagerð. Það væri hægt að kafa dýpra hér og taka dæmi af mataræði og húsagerð t.d. í öðrum heimsálfum.

Nemendur læra um hvernig fólk hefur farið úr sveitunum og haldið til bæjanna. Hér mætti til dæmis fá einhvern eldri borgara, sem er fæddur og uppalinn á svæðinu, til að koma og segja nemendum frá breytingum á byggð, atvinnu, húsnæði og fleira. Kennari getur svo séð um að útfæra það á hin Norðurlöndin og bent á að þessar breytingar hafa alls staðar átt sér stað en á misjöfnum hraða.

Vinnublöð á vef

Í vinnublöðunum er verkefni þar sem nemendur reikna þéttbýlisstig Norðurlandanna miðað við árið 2009. Í framhaldi af því má skoða hvaða lönd eru þéttbýl og hver strjálbýl.

Til að fá tilfinningu fyrir fjölda væri upplagt að taka mælikvarðann einn íbúi á ferkílómetra (eins og er á strjálbýlustu svæðunum). Ef við breytum ferkílómetranum í metra þá er einn íbúi á 1000 fermetra. Það þýðir þá að á þéttbýlustu svæðum Norðurlanda, þar sem eru 100 íbúar á ferkílómetra, eru 0,1 íbúi á fermetra. Ef við mælum svæði sem er 10 metrar sinnum 10 metrar (10 dekametrar) þá er einn íbúi á því svæði. Nemendur geta notað bandspotta og mælt þetta. Þeir geta síðan reynt að finna út hve stór einn ferkílómetri er til að fá samanburðinn á milli þéttbýlustu og strjálbýlustu svæða Norðurlandanna. Þetta verkefni mætti líka útfæra úti á skólalóð þar sem nemendur myndu teikna Norðurlöndin með kít á skólalóðina, nokkurn veginn í réttum stærðarhlutföllum í fyrir fram ákveðnum mælikvarða, og raða steinum á hvert land í réttum hlutföllum eftir fólksfjölda.

Vangaveltur–svör bls 17

Húsin voru líklega svona því menn notuðu það byggingarefni sem hægt var að fá á hverjum stað. Á Íslandi var nóg af torfi og grjóti svo það var notað í veggina. Minna var af timbri og því reistu menn bara burðargrind sem þeir þöktu síðan með torfi sem nóg var af. Fáir höfðu efni á trégólfum og því voru flest gólf moldargólf. Yfirleitt voru svefnvistarverurnar klæddar með timbri að innan en önnur herbergi voru með torfveggjum nema hjá betri bændum.

Mismunandi er hvort nemendur hafa komið inn í torfbæ en ef fáir hafa séð þá væri kjörið að fara í vettvangsferð á næsta safn með torfbæ. Slík söfn má finna í mörgum sveitarfélögum.

Áhrif manna á umhverfi sitt

Kafli bls. 18

Fjallað er um áhrif manna á náttúruna og náttúruvernd. Í tengslum við þennan kafla mætti hugsa sér að gera átak í bekknum í endurvinnslu, tína rusl á skólalóðinni eða annað sem kemur umhverfinu til góða.

Vinnublöð á vef

Á verkefnablaði á vefnum eru nemendur hvattir til að skoða sitt nánasta umhverfi og velta fyrir sér hvers konar náttúra er óspillt og hver er munurinn á henni og því skipulagða landslagi sem oftast má finna í borgum og bæjum. Nemendur sem búa í dreifbýli geta borið saman eigið umhverfi og reynslu sína af bæjarferðum með fjölskyldunni. Hér er einnig hægt að tengja reynslu nemenda af utanlandsferðum því sumir hafa komið til stórborga, þar sem lítið er um græn svæði og sjaldgæft að fólk hafi eigin garð nema í úthverfum.

Krækjur:

Loftslagsbreytingar á jörðinni <http://www.nams.is/co2/>

Auðlindir og orka

Kafli bls. 19

Fjallað er um helstu auðlindir sem finnast á Norðurlöndum og sagt frá stærstu orkuveitunum. Í Kortabók handa grunnskólum 2007 eru kort sem tengjast þessu efni og má t.d. nefna kort á bls. 31 sem sýnir olíu og jarðgas í Norðursjó en einnig er kort á bls. 34 sem sýnir framleiðslu á Norðurlöndunum.

Vinnublöð á vef

Í vinnubókinni er verkefni þar sem nemendur nýta sér texta lesbókarinnar til að tengja saman Norðurlönd og orkulindir. Einnig er hægt að láta nemendur teikna plaköt með útlínunum landanna og merkja inn á þau auðlindir ásamt borgum, ám, vötnum og fleiru slíku. Þetta er hægt að gera í tengslum við alls konar þemaverkefni og nýta sem part af því.

Krækjur:

<http://www.sorpa.is/Um-SORPU/Fraedsla-og-umhverfismal/Nams--og-fraedsluefni/Fraedslu-myndbond/>

Þessi slóð er á heimasíðu Sorpu en þar er að finna fræðslumyndbönd um endurvinnslu á fernum, bylgjupappa og dagblöðum.

Lífsskilyrði

Kafli bls. 20

Fjallað er um velferðarkerfi Norðurlandanna og sagt stuttlega frá ýmsum bótum sem borgurunum standa til boða. Á krækjum hér fyrir neðan er hægt að ganga að nokkrum upplýsingavefjum þar sem má finna tölfræðiupplýsingar sem tengjast lífsskilyrðum fólks. Þar eru m.a. upplýsingar um fæðingar- og dánartíðni, meðalaldur, ýmis fróðleikur um efnahags- og atvinnulíf, stjórnkerfi og fleira. Ýmislegt af þessu má nýta til að útbúa samanburðartöflur á milli Norðurlandanna.

Vinnublöð á vef

Á vinnublöðunum eru nemendur beðnir að velta fyrir sér hvað er jafnrétti og hvað eru lífsgæði. Ræða má um velferðarkerfið og hvernig það býr að einstaklingum.

Krækjur:

Vefur á íslensku með tölfræðiupplýsingum um ýmis lönd: www.globalis.is

Vefur á ensku með ýmsum upplýsingum:

http://news.bbc.co.uk/2/hi/country_profiles/default.stm

Vefur bandarísku leyniþjónustunnar um öll lönd í heimi. Hann er á ensku:

<https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/index.html>

Tungumál

Kaflí bls. 21

Á bókasafni skólans er ef til vill að finna einhverjar bækur á þessum málum og hægt að beina nemendum til að skoða þær. Í mörgum skólum eru einnig til blöð um Andrés önd á dönsku sem eru nýtt í dönskukennslu. Ef þau eru til er rétt að leyfa nemendum að spreyta sig á að skilja þau.

Vinnublöð á vef

Á verkefnablaði með þessum kafla er dæmi um það hvernig Norðurlandþjóðirnar segja „Hvað heitir þú?“ Í þeim verkefnum er ætlast til að nemendur velti fyrir sér hvaða tungumál eru lík og hver ólík – hver þeirra er auðvelt að læra og hver eru erfiðari.

Þau tungumál á Norðurlöndunum sem sennilega er erfiðast að skilja eru grænlenska, finnska og samíska. Hugsanlega telja nemendur að léttast sé að skilja færeysku eða eitthvað af hinum Norðurlandamálunum.

Menning

Kaflí bls. 22 og 23

Sagt er frá fjölbreyttri og mismunandi menningu Norðurlandanna en hér er um óteljandi leiðir að velja til að dýpka efnið. Í Norræna húsinu er til að mynda hægt að skoða grafíklistaverk frá öllum Norðurlöndunum og er einnig mögulegt að leigja þau heim til sín tímabundið. Það eru einnig oft haldnar listsýningar, tónleikar og aðrir menningarviðburðir. Á bókasöfnum má nálgast ýmiss konar efni. Þar má t.d. finna ýmsar bækur og DVD myndir frá norrænum höfundum og svo eru oft listamenn eða hagleiksfólk frá Norðurlöndunum búsett á Íslandi. Sumt af því fólk væri ef til vill tilbúið að koma í skólann og kynna list sína.

Vinnublöð á vef

Á vinnublöðunum er gert ráð fyrir að nemendur velti fyrir sér hugtakinu menning og þeir eru hvattir til að kynna sér ólíka menningu Norðurlandanna. Annað verkefnablað beinir augnum að því að nem-

endur skoði sig um heima hjá sér og fái tilfinningu fyrir þeim fjölda muna frá Norðurlöndunum sem finna má á íslenskum heimilum. Þeir þurfa að velja sér hlut, gera um hann stutta greinargerð og segja frá honum í skólanum.

Eitt vinnubókarblaðið er verkefni sem tengist hlustun en þá fara nemendur inn á www.youtube.com eða aðra vefi og hlusta á tónlist frá Norðurlöndunum. Ef einhverjir nemendur í skólanum tala Norðurlandamálin má hugsa sér að fá þá til að koma í heimsókn og spjalla.

Vangaveltur–svör bls 23

Hvaða þekktu bókahöfunda frá Norðurlöndunum þekkjast nemendur?
Þeir gætu til dæmis nefnt Astrid Lindgren, Ole Lund Kirkegard, Tove Jensen.

Astrid Lindgren (Svíþjóð):

Á Saltkráku
Bróðir minn Ljónshjarta
Börnin í Ólátagarði
Börnin í Skarkalagötu
Drekinn með rauðu augun
Elsku Míó minn
Emil í Kattholti
Ég vil ekki fara að hátta
Ég vil líka eignast systkin
Ég vil líka fara í skóla
Kalli á þakinu
Karl Blómkvist og Rasmus
Kata
Lína Langsokkur
Lotta
Madditt
Ronja ræningjadóttir

* Ath. Listinn er ekki tæmandi. Auk þess hafa verið skrifaðar sjálfstæðar framhaldssögur við margar bókanna.

Ole Lund Kirkegard(Danmörk):

Virgill litli
Albert
Fúsi froskagleypir
Hodja og Töfrateppið
Ottó nashyrningur
Gúmmi Tarsan
Flóðhestur á heimilinu
Fróði og hinir gríslingarnir
Pési grallaraspói og Magni vinur hans
Ég afi og Jóla-Stubbur
Kalli kúluhatur
Anton og Arnaldur flytja í bæinn
Anton og Arnaldur í villta vestrinu

Tove Jansen(Finnland):

Eyjan hans Múminpabba.
Halastjarnan.
Ósýnilega barnið
Vetrarundur í Múmíndal
Örlaganóttin
Pípuhatur Galdrakarlsins
Hvað gerðist þá?

Trúarlíf

Kafli bls. 23

Í bókinni er sagt lítillega frá trúarbrögðum í nútíð og fortíð en ef kennarar hafa áhuga á er hægt að dýpka þetta efni, t.d. með þemabókunum sem gefnar hafa verið út á miðstigi. Þar eru bækur um kristna trú og íslamska trú en síðan má fara á bókasafnið eða Netið til að fá meiri upplýsingar um norræna goðafræði.

Vinnublöð á vef

Í vinnubókinni er verkefni þar sem nemendur kynna eitt norrænt goð

Krækjur – Vefsíður

Óðinn og bræður hans <http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/3094>

Æsir á fjúgandi ferð – Hefnd Loka <http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/3595>

Lifið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi <http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/3332>

Stjórnarfar

Kafli bls. 24

Nemendur fræðast um stjórnarfar á Norðurlöndunum. Hér væri gagnlegt að reyna að fá nemendur til að rifja upp hvað þeir vita um stjórnvöld í öðrum löndum. Vita þeir um önnur lönd í Evrópu þar sem eru konungar og drottningar? Hvað með forseta?

Danska konungsfjölskyldan: <http://www.kongehuset.dk/english/>

Norska konungsfjölskyldan: <http://www.kongehuset.no/english/vis.html>

Sænska konungsfjölskyldan:

<http://www.royalcourt.se/royalcourt.4.367010ad11497db6cba800054503.html>

Finnski forsetinn: <http://www.president.fi/public/default.aspx?culture=en-US&contentlan=2>

Íslenski forsetinn: <http://www.forseti.is/>

Danska þingið: <http://www.ft.dk/English.aspx>

Finnska þingið: <http://www.government.fi/etusivu/en.jsp>

Norska þingið: <http://www.regjeringen.no/en.html?id=4>

Sænska þingið: <http://www.sweden.gov.se/>

Alþingi Íslendinga: <http://www.althingi.is/>

Þing Álandseyinga: <http://www.lagtinget.ax/start.con?iLan=2>

Þing Færeyinga: <http://www.tinganes.fo/Default.aspx?AreaID=11>

Þing Grænlandinga: <http://uk.nanoq.gl/Emner/Government.aspx>

Gjarnan má ræða um bókmenntir í þessu samhengi og drauma þeirra fátæku um að giftast prinsinum eða prinsessunni (t.d. Öskubuska).

Vinnublöð á vef

Verkefni þessa kafla er að nemendur að útbúa kynningu í máli og myndum þar sem þeir rannsaka hverjir eru þjóðhöfðingjar Norðurlandanna. Markmiðið með því er að þekkja þá á mynd þegar þeir koma í fjölmiðlum og vita örlítið um þá.

Vangaveltur–svör bls 24

Nemendur leita sér upplýsinga t.d. í hópum um það hverjir eru þjóðhöfðingjar Norðurlandanna og vinna jafnvel stærra verkefni um þá. Kynna síðan hver fyrir öðrum.

Samstarf og sameiginlegir hagsmunir Norðurlandanna

Kafla bls. 25

Í kaflanum er lítillega fjallað um sameiginlega forsögu Norðurlandanna. Þarna er hægt að dýpka efnið enn frekar og má t.d. tengja þetta betur við Ísland með því að ræða konungssamband Íslendinga og Dana, konungssamband Dana, Færeyinga og Grænlandinga eða samband Finna og Álendinga. Einnig má segja nemendum frá Kalmarsambandinu 1397 (konungssamband Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar) en auðvelt er að finna upplýsingar um það á Netinu.

<http://is.wikipedia.org/wiki/Kalmarsambandi%C3%B0>

http://www.icelandonline.is/ferdaheimurisl/danmark_sagan.htm

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=332980

<http://www.norden.org/is/um-northurloend/saga-northurlanda/mithaldir-thrju-riki-og-rikja-samband-u.th.b.-1050-1500>

Einnig er fjallað um Norræna félagið og hvaða hlutverk það hefur. Hér er sjálfsagt að benda nemendum á þann fjölda Íslendinga sem býr á Norðurlöndunum og hversu algengt er að Íslendingar fari í nám til Norðurlandanna. <http://www.norden.is/>

Vinnublöð á vef

Á vinnublöðunum er ætlast til að nemendur velti fyrir sér samstarfi Norðurlandanna. Í hverju eru samskipti landanna fólgin og hvaða hagsmuni hafa þau af því að starfa saman. Einnig er nemendum kynntur vefur Norræna hússins og þeir leysa verkefni tengt honum. Þeir sem hafa möguleika á ættu þó að reyna að komast í Norræna húsið og fá leiðsögn og kynningu á starfseminni þar. Ungum námsmönnum í framhaldsskólum stendur boða að fara til Norðurlandanna að vinna á vegum Nordjobb og er sjálfsagt að kynna þann möguleika fyrir nemendum.

<http://www.nordjobb.net/IS/aktuellt.php>

Norðurlöndin í hnotskurn

Nemendabók bls. 26–69

Í kaflanum er fjallað um hvert land. Það sem tekið er fyrir er

- landshættir og veðurfar
- atvinnuvegir og náttúruauðlindir
- stjórnarfar
- tungumál
- höfuðborg landsins
- hvað er markvert að skoða í höfuðborginni
- sérstaða hvers lands ásamt fróðleiksmolum sem tengjast menningu þeirra.

Markmið aðalnámskrár

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða
- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og hvernig ísaldarjökullinn mótar löndin
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- átti sig á hvað er líkt og hvað er ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa

Útfærsla kennslunnar

Hér verður ekki farið í útfærslu á því hvernig væri hægt að fjalla um hvert og eitt Norðurlandanna. Eins og segir í upphafi kennsluleiðbeininganna eru til fjöldamargar leiðir til að fjalla um Norðurlöndin og útfæra umræðuna með nemendum.

Matshugmyndir

Sumir fara þá leið að byrja á bókinni með nemendum og fjalla um ákveðið efni og taka próf úr því. Aðrir vilja heldur meta vinnu nemenda og nota til þess ýmsa lista og matskvarða. Svo eru margir sem blanda þessu saman. Á heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/namsmat.htm>

er að finna mikið úrval af matslistum og ýmsum öðrum hugmyndum um námsmat ásamt tenglum á aðra námsmatsvefi. Verkefnið hér að framan má meta á ýmsan hátt en hér kemur dæmi um matslista sem hægt er að nota til að auðvelda kennara matið. Til að meta kynninguna er betra að hafa sérstakan lista og svo eru til ýmis form sem má styðjast við þegar nemendur meta sína eigin vinnu. Þetta eru hugmyndir og sjálfsagt fyrir kennara að nota það sem hentar þeim og bæta við eða sleppa eftir þörfum.

Sjálfsmat

Sem lið í sjálfsmati mætti hugsa sér að nemendur héldu dagbók um vinnuna þar sem þeir gerðu vikulega grein fyrir hvernig hefur gengið. Best er að nota alltaf sömu fyrir fram ákveðnu spurningarnar til að auðvelda þeim verkið. Sem dæmi má nefna: Hvað gerði ég þessa viku? Hvernig gekk það? Hvað get ég bætt í næstu viku? Æskilegt er að kennarinn geri ráð fyrir þeim möguleika að nemendur geti skilað dagbókinni í formi hljóð- eða myndbandsupptöku þar sem margir nemendur eiga erfitt með að skrifa langan texta. Því er hætt við að of mikið þúður farið í þennan hluta verkefnisins eða að ekki komi út úr því það sem vænst er.




Leiðsagnarmat

Margir skólar hafa tekið upp svokallað leiðsagnarmat þar sem vinna nemenda, virkni í tímum, hegðun, heimanám og fleira er metið jafnt og þétt yfir veturinn. Þar sem matsviðmið skólanna eru misjöfn er erfitt að útbúa tæmandi lista fyrir kennara til að fara eftir en hér á eftir er dæmi um hvernig kennari getur metið reglulega vinnu nemenda og haft síðan þær upplýsingar tiltækar fyrir leiðsagnarmat. Inn í reitina má setja plúsa og mínusa, einkunnir eða annað sem hentar hverjum og einum. Snjallt er að gera slíkar athuganir reglulega, t.d. einu sinni í viku. Kennarar hafa töfluna eins langa og nauðsynlegt er miðað við fjölda nemenda.

Nöfn nemenda	Áhugi/virkni	Sjálfstæði	Frumkvæði	Samskipti	Vinnubrögð	Heimanám

Hópvinna

Matsblað til að meta vinnu einstaklingsins í hópvinnumni

			
Ég hafði gaman af hópvinnumni			
Ég tók þátt í því að skipta verkum			
Ég hlustaði á hina í hópnum			
Ég tók virkan þátt í samræðum			
Ég vann minn hluta af verkefninu			
Mér finnst að ég ætti að fá í einkunn:			

Mat á verkefni um Norðurlönd

setjið x í viðeigandi reiti

	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Vantar
Landfræðileg staða				
Stærð landsins og íbúafjöldi				
Landslag				
Gróðurfar og loftslag				
Þjóðhöfðingi				
Tungumál				
Frægt fólk				
Menning				
Teikna kort á plakat				
Nafn og fáni				
Lita hálendi og láglandi				
Höfuðborg				
3–5 stærstu borgir				
Stærstu ár og vötn				
Auðlindir				
Hvernig maður kemst til landsins				
Gisting og samgöngur innanlands				
Athyglisverðir staðir, afþreying				
Myndir				
Útlit og framsetning				

Þessi viðmiðunarrámi er ætlaður fyrir skriflega umsögn um verkefni eða leiðsagnarmat. Ef kennarar vilja frekar gefa einkunnir í tölum geta þeir haft einn ramma á eftir hverju atriði og gefið því einkunn og svo fundið meðaltalið.

Mat á flutningi

	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Ófullnægjandi
Raddstyrkur				
Framsögn og túlkun				
Framkoma				
Heldur athygli				
Heildareinkunn				

Mat á virkni í tíma

Nöfn:	Sjálfstæði	Kemur sér að verki	Hugmynda-rik(ur)	Iðin(n)	Skapandi	Góð(ur) í samstarfi

Í þessari töflu bætir kennari við línur eftir fjölda nemenda en einnig er hægt að gera einfalda virkniathugun þar sem eingöngu er merkt við plús eða mínus eftir því hvort viðkomandi nemandi var að vinna þegar athugunin var gerð. Ef slíkt er gert yfir ákveðið tímabil kemur stundum í ljós að sumir nemendur eru alltaf virkir og aðrir óvirkir og þá er hægt að gera eitthvað í málinu áður en hópinn klárast eða hópinn fer að starfa illa vegna þess að einhver innan hópsins gerir ekki það sem hann/hún á að gera.

Krækjusafn:

Lönd heimsins <http://www1.nams.is/loend/index.php>

Vefur með fjölbreyttum verkefnum um Norðurlöndin

<http://home.gardabaer.is/elisabet/nordurlond/gagnvirk.htm>

Ferðaheimur upplýsingavefur með talsverðum fróðleik um Norðurlöndin

<http://www.icelandonline.is/ferdaheimuris/nordurlond.htm>

Upplýsingavefur fyrir þá sem ætla að flytja til Norðurlandanna:

<http://www.hallonorden.org/forside/ice/forside.aspx>

Vefur um opinbert samstarf Norðurlandanna <http://www.norden.org/is>

Vefrallí um Norðurlöndin

<http://is.wikibooks.org/wiki/Vefrall%C3%BD/Nor%C3%B0url%C3%B6nd>

Valhalla – vefgátt fyrir barna- og ungmennamenningu á Norðurlöndum

<http://valhalla.norden.org/>

Sýndarbókasafn með norrænum barnabókum <http://www.nifin.helsinki.fi/bibbi/>

Yfirlit yfir námsefni um Norðurlönd og norræn tungumál á síðunni Norden.org

<http://www.norden.org/is/um-northurloend/namsefni-um-nordurloend>

Vefleiðangrar um Norðurlönd <http://www.ismennt.is/vefir/ari/banki/>

Vefleiðangur Hafþórs Þorleifssonar <http://is.wikibooks.org/wiki/Norðurlöndin>

Vefleiðangur 6. bekkur Síðuskóla 2005 <http://nemar.unak.is/not/r01085/nordurlond/index.htm>

Upplýsingavefur um samstarf Norðurlanda, ýmsar tölfræðilegar upplýsingar. Þarna má einnig finna ókeypis kort af Norðurlöndunum sem gott er að nota í ýmiss konar verkefnavinnu.

<http://norden.org/is/um-northurloend>

Danmörk www.visitdenmark.com – www.denmark.dk

Noregur www.visitnorway.com – www.norge.no

Svíþjóð www.visitsweden.com – www.sweden.se

Finnland www.visitfinland.com – www.finland.fi

Álandseyjar www.aland.ax,

Grænland <http://uk.nanoq.gl/>

Færeyjar www.faroeislands.com.